

Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar

1. Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu Suðurnesjabæjar er að stuðla að jafnrétti kynjanna og tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Suðurnesjabær skuldbindur sig jafnframt til þess að við ákvörðun launa og fríðinda að ekki sé mismunad á grundvelli kyns eða annarra ómálefnalegra þátta.

2. Umfang

Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins.

3. Framkvæmd

Suðurnesjabær leggur áherslu á jafnrétti og að nýta til jafns styrkleika alls starfsfólks þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs sveitarfélagsins njóti sín sem best og er það skjalfest með stefnu þessari. Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar er órjúfanlegur hluti af Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar og skuldbindur Suðurnesjabær sig til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna þannig samfélagsábyrgð. Suðurnesjabær fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

4. Suðurnesjabær skuldbindur sig til að:

- Fylgja lagalegum kröfum og reglum um launagreiðslur, kjör og jafnrétti
- Framkvæma launagreiningu árlega
- Halda úti menntunar- og hæfniskrá yfir starfsmenn sveitarfélagsins
- Bregðast við athugasemdum um órökstuddan launamun
- Fá hlutlausan utanaðkomandi aðila til að framkvæma ytri rýni að minnsta kosti á þriggja ára fresti
- Kynna jafnlaunastefnuna starfsfólki
- Hafa jafnlaunastefnuna aðgengilega almenningi
- Endurmeta stöðugt og betrumbæta jafnlaunakerfið í heild sinni

5. Innleiðing og rýni

Bæjarstjóri í umboði bæjarráðs ber ábyrgð á jafnlaunastefnu Suðurnesjabæjar og jafnlaunakerfinu. Mannauðsstjóri er fulltrúi æðstu stjórnenda og ber ábyrgð á skjalfestingu og innleiðingu.

Allir stjórnendur Suðurnesjabæjar skuldbinda sig til að framfylgja stefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnlaunastefnunnar.

6. Gildistaka.

Jafnlaunastefna Suðurnesjabæjar var samþykkt í bæjarráði 30. október og staðfest bæjarstjórn 6. nóvember 2019 og öðlast gildi við birtingu hennar.

